

Mál nr. 168/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar A

Slys þegar maður ætlaði út úr bifreið en rak sig í sleppibúnað þ. 16.5.2008 .

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 15.5.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 29.5.2009.

Málsatvik.

M var að sinna störfum vegna reglubundins viðhalds á ökutækinu. Þegar M ætlaði að stíga út úr A þá rakst hann í sjálfvirkan sleppibúnað sem er staðsettur vinstra megin fyrir ofan hurðina en hurðin er undir spennu og lokast sjálfkrafa. Hurðin skall af krafti á fótlegg M með þeim afleiðingum að hann slasaðist. M segir að bifreiðin hafi drepist á sér og ekki farið í gang og hafi hann ætlað út úr henni til að aðstoða við að tengja startkapla og hafi gripið um stálplötu og togað sig upp úr bílstjórasætinu en síðan rekið vinstri olnbogann í sjálfvirkan sleppibúnað fyrir hurðina og hún lokast og klemmt á honum fótinn. Vitni sá þegar hurðin lenti á fæti M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A og af hans hálfu er á það bent að lokunarbúnaðurinn sem um ræðir sé hluti af útbúnaði A sem sé sérútbúinn og sé lokunarbúnaðurinn ætlaður til notkunar við sérstakar aðstæður svo sem nánar er lýst. Þá er því haldið fram af hálfu M að slysið hafi orðið við hefðbundna notkun A þegar átti að gangsetja hana og því eigi að fella bótaskyldu undir ábyrgðartryggingu ökutækisins hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi verið að fara úr kyrrstæðu ökutæki og sjálfvirki lokunarbúnaðurinn sé ekki tengdur við vélarafl bifreiðarinnar. Slysið verði því ekki rakið til aksturs A eða sérstakra eiginleika A sem ökutækis og því geti umrætt atvik ekki fallið undir ábyrgðartryggingu ökutækisins

Álit.

Í umrætt sinn hafði A ekki verið gangsett og var því hvorki í gangi né á ferð þegar slysið varð. Sjálfvirki lokunarbúnaðurinn sem M slasaði sig á er sérstakur búnaður sem er ekki nauðsynlegur við notkun A sem ökutækis. Sjálfvirki lokunarbúnaðurinn er sérstakur búnaður sem hefur ekki með akstur eða notkun A sem ökutækis að gera. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík 16.6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.